



**Þjónusta við ungbarnafjölskyldur í
sundlaugum Reykjavíkur - könnun**



01 Bakgrunnur, áskorun & markmið

02 Framkvæmd & úrtak

03 Helstu niðurstöður

04 Samantekt & aðgerðir

Bakgrunnur



- Spretthópur stofnaður sem gerði úttekt á þjónustu og aðstöðu fyrir ungbarnafjölskyldur í sundlaugum Reykjavíkur.
- Fyrstu niðurstöður úr forvinnu spretthóps sýna að grunnþjónusta fyrir barnafjölskyldur er almennt góð í sundlaugum borgarinnar.
- Hins vegar má bæta aðstöðu fyrir yngstu börnin sérstaklega.
- Samþykkt hefur verið að gera þjónustukönnun og vera í samráði með íbúum um þá aðstöðu og þjónustu sem betrubæta mætti gagnvart börnum og fjölskyldum, með sérstaka áherslu á ungbarnafjölskyldur, í sundlaugum borgarinnar.

Áskorun



- Aðstaða í sundlaugum borgarinnar er misjöfn og þarfir notenda óþekktar.
- Mikilvægt er að bjóða upp á fjölbreytta og aðgengilega aðstöðu fyrir ungbarnafjölskyldur í sundlaugum borgarinnar.

Markmið



- Bæta þjónustu við ungbarnafjölskyldur í sundlaugum Reykjavíkur (aðstöðu, búnað og umhverfi) sérstaklega fyrir yngstu börnin.
- Veita fjölbreytta og aðgengilega þjónustu í sundlaugum Reykjavíkur fyrir ungbarnafjölskyldur
- Veita þjónustu sem fellur að markmiðum þjónustustefnu Reykjavíkur; fagleg, skilvirk og notendamiðuð þjónusta.

Hvernig mun endurgjöfin hjálpa okkur?

Hverjar eru lykilspurningar verkefnis og hvernig munu svör við þeim hjálpa við næstu skref í verkefninu?

Lykilspurningar

1. Hver er **notkun** fólks með ungabörn á aðstöðu og búnaði í sundlaugum fyrir börn?
2. Hver er **upplifun** fólks af þjónustu við ungabörn og fjölskyldur í sundlaugum Reykjavíkur?
3. Hverjar eru **þarfir** fólks með ungabörn í sundlaugum?



Hverju svara þær?



1. Veitir skilning á mikilvægi og núverandi notkun á aðstöðu og búnaði fyrir ungbarnafjölskyldur og hvað þau kjósa að nota.
2. Upplýsir um núverandi stöðu og ánægju með þjónustu – hvað eru fólk ánægt með og hvað ekki?
3. Veitir skilning á þörfum og leiðbeinir um hvað og hvernig er hægt að bæta núverandi þjónustu.


Framkvæmd könnunar

Hvernig

- Notast var við könnunarhugbúnaðarkerfið Qualtrics til að hanna og stilla upp könnuninni.
- Könnuninni var deilt á Facebook síðu sundlauga Reykjavíkur (kostað) og var auk þess aðgengileg með QR kóðum í öllum sundlaugum borgarinnar.
- Reynt var að ná til foreldra/forsjáraðila eða nákomna ættingja ungbarna sem farið höfðu í sund með þau á síðustu 12 mánuðum til að svara könnuninni.
- Ungbörn í þessari könnun voru skilgreind sem börn undir 3 ára aldri.
- Nánast öll svör bárust í gegnum hlekk sem deilt var á Facebook

Hvenær

- Könnunin hófst 25.febrúar og var lokað 18.mars





259 hófu könnun



Hvað af eftirfarandi á við um þig?

- Ég er foreldri/forsjáraðili barns/barna undir 3 ára
- Ég er nákominn ættingi (t.d. amma eða afi) barns undir 3 ára
- Ég á ekki barn né er nákominn ættingi barns undir 3 ára




243 var annað hvort foreldri/forsjáraðili barns/barna eða nákominn ættingi



Á síðustu 12 mánuðum, hversu oft hefur þú farið með barn/börn undir 3 ára í sund?

- Vikulega eða oftar
- 1-3 sinnum á mánuði
- 4-6 sinnum
- 1-3 sinnum
- Ég hef ekki farið með barn/börn í sund




214 sem svöruðu könnun að öllu leyti eða að hluta til


*11 sem svöruðu ekki spurningunni

Úrtak: Bakgunnur svarenda


- Alls voru **214** sem svöruðu könnuninni að öllu leyti eða að hluta til.
- Meirihluti** þeirra sem svöruðu voru **konur**....



- ...og **6 af hverjum 10** svarenda voru í aldursflokknum **30-39 ára**




- Helmingur** svarenda var með barn/börn undir **1 árs** aldri
- Fjórðungur** 1-2 ára og...
- ...**þriðjungur** svarenda með barn/börn **2-3 ára**





Úrtak: Sundlaug í Reykjavík sem svarendur heimsækja oftast með ungbarn







- **Úrtakið** eru foreldrar/forsjáraðilar eða nánustu ættingjar sem nota þjónustu sundlauganna fyrir ungbörn.
- Úrtakið er ekki **endurspeglun** á öllum foreldrum/forjáraðilum ungbarna eða nákominna ættingja þeirra sem nota þjónustu sundlauganna fyrir ungbörn.
- Þó ekki sé hægt að **alhæfa** yfir allt þýðið með þessum niðurstöðum eru þær engu að síður **mikilvægar** og **leiðbeinandi** hvernig megi bæta þjónustu við ungbarnafjölskyldur í sundlaugum Reykjavíkur.




Helstu niðurstöður



Notkun og mikilvægi aðstöðu og búnaðar fyrir ungbarnafjölskyldur




Hversu ánægð/ur/t eða óánægð/ur/t ertu með...



Hversu ánægð/ur/t eða óánægð/ur/t ertu með...

% ánægðra (mjög/frekar)


■ Árbæjarlaug (n=47-49) ■ Grafarvogslaug (n=31-38) ■ Breiðholtslaug (n=30)



Ath: Úrtak er lítið fyrir hverja sundlaug og því skal túlka þessar niðurstöður af varfærni og einugnis sem leiðbeinandi

Heildaránægja með sundlaug fyrir börn undir 3 ára?

■ Mjög óánægð/ur/t ■ Frekar óánægð/ur/t ■ Hvorki né ■ Frekar ánægð/ur/t ■ Mjög ánægð/ur/t



10% óánægð með
sundlaugina sem þau sækja
oftast

69% ánægð með sundlaugina
sem þau sækja oftast

85% Árbæjarlaug
79% Grafarvogslaug
50% Breiðholtslaug



Hvað mætti bæta?

1. Fleiri leikföng/leiktæki
2. Barnalaugin/vaðlaugin heitari
3. Skiptiaðstaða (betri/á fleiri stöðum/nær skápum)
4. Fleiri barnastóla/barnabala á sturtusvæði/þurrksvæði/búningsklefa
5. Ungbarnalaug - inni/yfirbyggð þar sem barn á auðavelt meða að fóta sig og nógu djúp fyrir fullorðna
6. Afmarkað/lokað svæði í búningsklefa/sturtusvæði og þurrksvæði
7. Auðveldara aðgengi ofan í laug (ekki stigi, styttri fjarlægð frá klefa/mottur á gólfum)
8. Ungbarnakútar
9. Fráleggssvæði (á mismunandi stöðum - sturtusvæði, þurrksvæði og búningsklefa)
10. Stærri salerni (hægt að koma barnastól og skiptiaðstöðu fyrir og hafa barnasetu)
11. Auglýsa opnunartíma innilauga/barnalauga
12. Aðstaða í afgreiðslu fyrir kerrur og aðgengi að barnastólum



„Það vantar fleiri **barnastóla**, gott væri að hafa barnastóla í **sturtunni**, hjá **þurrksvæði** og í **klefum**. Það mætti vera **fleiri skiptiaðstöður** (**nær klefum**). Það vantar **stærra klósett** inn í klefann þar sem hægt væri að leggja barnið frá sér eða hafa barnastól með sér. Ég held það sé ekki heldur **barnastóll frammi í afgreiðslunni**. Þegar við höfum farið þá hefur annað foreldrið farið á bíl og hitt labbað með kerruna svo við getum geymt kerruna í bílnum. Það mætti vera góð **kerru aðstaða** þar sem maður hefði ekki áhyggjur um að hún yrði tekinn. Það mætti vera **fleiri lítil dót** í sundlaugunum sem er auðvelt fyrir lítil börn að halda á. Það mætti einnig **breyta stigum** til að fara **í og uppúr laugunum**. Mjög erfitt er að fara með ungabörn ofan í og uppúr lauginni. (Breiðholtslaug)“



„Leiklaugin mætti vera **dýpri og heitari** og fleiri tæki sem veita áskoranir. Húðhiti fólks er 34°C. Á Íslandi þar sem nægur er hitinn ættu barnalaugar að vera að lágmarki **34-35°C**. Þetta á líka við um innilaugina þ.e. barnalaugina. Sundkennsla skólabarna yrði mun auðveldari því eftirtekt barna væri meiri. (Sundhöll Reykjavíkur)“



„Fjölga má **skiptiaðstöðu**, eða bæta sýnileika þeirra. Vaðlaug er í halla sem hentar ekki litum fótum að læra að labba, og svo er hún **ekki nógu djúp** til að fullorðnir geti notið hennar með lítil börn. (Laugardalslaug)“



„Það mætti vera meira **dót og boltar oft ekkert dót úti** eða **illa farið**. Þá væri snilld að það væri í **innilaug** í Reykjavík eins og t.d. ásvallalaug, sundlaugin í þorlákshöfn og reykjanesbæ. En þær eru grunnar og rennibrautir og fleira sem henta yngstu börnunum. (Breiðholtslaug)“





Ferðalag notandans með ungbarn – hvað má bæta?

Aðkoma/afgreiðsla:

Aðstaða fyrir kerrur/barnavagna
Barnastólar í afgreiðslu

Fyrir heimsókn:

Auglýsa opnunartímar innilauga/barnalauga

Búningsklefar:

Rýmri aðstaða
Stærri skápar (fyrir bílstóla o.fl)
Lægri bekkir (til að klæða eldri börn)
Barnastóla (fleiri)
Skiptiaðstaða (rýmri/fleiri)
Fráleggssvæði
Afmarkað/lokað svæði/fjölskylduklefi

Sturtusvæði:

Fleiri barnastóla/barnabala
Afmarkað/lokað svæði
Fráleggssvæði

Aðgengi ofaní laug:

Barnalaug nær klefum
Rampur/breiðar tröppur ofan í laug (ekki stigi)
Mottur á sleipt gólfíð

Laugarsvæði:

Innilaug/yfirbyggð laug
Heitari laug fyrir börn/foreldra
Laug þar sem börn geta fótað sig og fullorðnir setið (hæfilega djúp/stór)
Fleiri leikföng & leiktæki (viðhalda þeim)
Ungbarnakútar

Þurrksvæði:

Barnastólar (fleiri)
Skiptiaðstaða (Rýmri/fleiri)
Afmarkað/lokað svæði
Fráleggssvæði


Heim:

Allir glaðir eftir góða sundferð 😊

Salerni

Nægilega stór fyrir barnastól/skiptiaðstöðu (leggja frá sér barn) og hafa barnasetu


Hvað hefur mest áhrif á það hvaða sundlaug þú velur að fara í með barn/börn undir 3 ára?






Hvað skýrir mest heildaránægju með sundlaug fyrir börn undir 3 ára?

Regression analysis
(McFadden's *r*-squared)



Að þínu mati, hvaða laug á höfuðborgarsvæðinu eða nágrenni er best fyrir börn undir 3 ára?





Hvers vegna?

1. **Innisvæði**
Laugar & pottar (barnalaugar/vaðlaugar)
2. **Leiksvæði**
Leiktæki & leikföng - Leiktæki/rennibrautir ofan í vaðlaug
3. **Góð vaðlaug/barnlaug**
Hæfilega stór og grunn fyrir fjölskyldur og börn að leika
4. **Búningsklefar**
Fjölskylduklefar/lokaðir klefar, lokað/afgirt svæði, aðstaða, hitastig, skiptiaðstaða
5. **Aðstaða**
Nóg af stólum, böllum, skiptiaðstöðu, kútum og stærri baðherbergi (pláss fyrir að leggja frá sér börnin)
6. **Hitastig í laugum**
Gott hitastig í barnalaugum fyrir börnin og foreldra
7. **Gott aðgengi**
Stutt í barnalaug/vaðlaug (þarf jafnvel ekki að fara út), dýnur/mottur til að ganga á og gott aðgengi í afgreiðslu
8. **Yfirsýn**
Góð yfirsýn yfir leiksvæðin – get setið í potti með ungabarn og horft á eldra barnið leika sér
9. **Sturtusvæði**
Sæti á sturtusvæðinu, rúmgott (ekki fyrir með barnastólana), fráleggsvæði, skiptiborð og hlýtt (sturtusvæði & þurrksvæði)
10. **Afgreiðslusvæði**
Gott svæði frammi til að borða nesti, pláss fyrir barnavagna, veitingar

„Mikið úrval af laugum og pottum **innandyra**. Stórt en hlýtt rými, hef ekki áhyggjur af kuldanum þar. Eru einnig með **litla rennibraut** sem byrjar **OFAN** í lauginni, börnin þurfa ekki að fara á bakkann til að komast í rennibrautina eins og er á flestum stöðum. (Ásvallalaug)“



„**Vaðlaug/barnalaug** er hæfilega **stór og grunn** fyrir fjölskyldur til að njóta. Búningsklefi og sturtuaðstaða er þægileg. Rennibrautir henta aldurshópnum. (Kópavogslaug)“



„**Sér klefi** með **góðri skiptiaðstöðu** og aðstöðu til að **leggja frá sér dót** og barnastólar **bæði við skápana og sturtuna**. Mikill kostur að þessi aðstaða sé við saununa og svæðið sé því **hlýtt** fyrir litlu krílin.“

Innlaugina er mjög hentug en ég væri til í að fyrir þau minnstu að hafa laugina 35 gráður frekar en 33. Getur orðið kalt þarna þegar stóra hurðin út er opin. (Árbæjarlaug)“

„Innlaugin er stór og barnvæn. **Nóg af stólum í klefa** og í sturtunni. **Stórt baðherbergi** þar sem barnið getur auðveldlega komið með manni. Fullt af **dóti** í lauginni og lítil **rennibraut**. (Ásvallalaug)“



„**Skiptiborð** hjá **sturtum** fyrir yngstu börnin, **hlýtt í klefum**, nóg af böllum og hlý laug hjá rennibrautum fyrir foreldra. (Lágafellslaug)“

„Hún hentar langbest (sérstaklega yfir vetrartímann) til sundferða með systkinahóp og ungbörn. Ég get setið í heita pottinum með ungbarnið og haft **góða yfirsýn** til eldra barnsins sem er 4 ára meðan það er að leik í **vaðlauginni**. Einnig er svæðið þar hentugt til að vera með bæði börnin þegar það yngra verður orðið nógu stórt til að vilja leika í sundlaug. Einnig eru **margir Ikea stólar** í **búnings- og sturtuaðstöðu**, ásamt skiptiborði og **plássi fyrir barnavagna** hjá afgreiðslu/framan búningsklefana. (Ásvallalaug)“



Samantekt – núverandi notkun og ánægja

- Sá búnaður og aðstaða sem flestir vildu nota í sundferðum með ungbörn: innilaug, skiptiaðstaða, vaðlaug, barnastólar í búningsklefa og leikföng og leiktæki.
- Ánægjan var mest með aðstöðu í búningsklefum en minnst með framboð af leiktækjum og leikföngum.
 - Talsverður munur er þó á ánægju með aðstöðu eftir sundlaugum.
- 7 af hverjum 10 eru á heildina litið ánægt með sundlaugina sem þau sækja oftast.
- Nálægð við heimilið og aðstaða fyrir ungbörn á laugarsvæði hafði mest áhrif á hvaða laug er valin þegar farið er með börn undir 3 ára í sund.



Samantekt – þarfir notenda

- Það sem helst mætti bæta í aðstöðu fyrir börn undir 3 ára:
 - Fleiri leikföng og leiktæki
 - Hærra hitastig á barnalaug/vaðlaug
 - Betri, rýmri og fleiri skiptiborð/aðstöður
 - Fleiri stóla og bala á sturtusvæði/þurrksvæði
 - Innilaug/yfirbyggð laug fyrir ungbörn
- Þegar spurt var um bestu sundlaugina að þeirra mati fyrir börn undir 3 ára var Ásvallalaug nefnd oftast en einnig Árbæjarlaug.
 - Helsta ástæðan var gott innisvæði (laugar & pottar), úrval leiktækja og leikfanga og góðar barnalaugar/vaðlaugar (fyrir börn og fullorðna).



Tillaga að næstu skrefum

1. Fara yfir framboð af nauðsynlegum búnaði/aðstöðu (stólar, balar, skiptiaðstöðu, fráleggsborð o.fl.) á hverju svæði og í hverri laug út frá endurgjöf notenda.
2. Notendaferðalag í hverri laug – ef kafa þarf dýpra í þarfir notenda.
3. Athuga viðhald á leiktækjum og leikföngum og öðrum búnaði.
4. Gera 1-2 laugar að ungbarnalaugum á ákveðnum dögum og tímum.
5. Þakka fyrir þátttöku í könnun og miðla helstu niðurstöðum.
6. Upplýsa um umbætur sem eru gerðar.





Reykjavík